

INOVA
Sjálfbærniskýrsla
2023

STÆR
SKEMMI
STAÐUR
HEIM

Efnisyfirlit

- Kveðja frá forstjóra
- Sjálfbærni- og umhverfisstefna
- Markmið Nova
- Nova ♡ Umhverfið
- Nova ♡ Samfélagið
- Góðir stjórnarhættir
- Yfirlitstöflur & allskonar

Minna umhverfisspor, meiri dansspor!

IN

Sjálfbærni birtist út um allt þessa dagana. Orðið getur hinsvegar þýtt svo margt og fátt er staðlað í þessum málum enn sem komið er. Það þýðir að það getur verið hausverkur að klóra sig í gegnum allar þessar skýrslur sem eru fullar af tölum og flóknum og fínum orðum. Hjá okkur í Nova er þetta hinsvegar frekar einfalt, enda viljum við leggja okkur fram við að einfalda hlutina.

Kjarninn í Nova snýst um að dæla gleði og jákvæðni út í heiminn. Þetta kristallast í sterka Nova kúltúrnum, starfsemi og í samskiptum við viðskiptavini. Það sama á við um Nova og sjálfbærni; við viljum hafa sem minnst áhrif á umhverfið en í samfélaginu viljum við hinsvegar láta til okkar taka, m.a. með Geðræktinni, nýsköpun og öðrum mikilvægum verkefnum.

Þetta er annað árið sem við gefum út sjálfbærnisráskýrslu og það er skemmtilegt að líta yfir árið og sjá allt sem við höfum áorkað. Nú ætlum við að gefa enn þá meira í, henda okkur í mælanleg markmið og önnur spennandi verkefni sem munu án efa vera krefjandi en þekkjandi dansarana í Nova liðinu, veit ég að keppnisskapið mun svo sannalega koma okkur alla leið í mark(miðin).

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova



Sjálfbærni- og umhverfisstefna



Við værum ekki stærsti skemmtistaður í heimi ef það væri ekki fyrir jákvæðnina og gleðikraftinn sem í okkur býr. Það kitlar í magann, ærir keppnisskapið, þenur taugakerfið og drífur okkur áfram í að gera góða hluti alla daga. Þessi gleðisprengjukraftur sem við búum yfir skal bæði þjóna okkar starfsemi en ekki síður öllu því sem umlykur okkur, umhverfið og samfélagið sem við erum partur af.

Sjálfbærni- og umhverfisstefna Nova er því í raun ekkert frábrugðin meginstefnu Nova – allt sem við erum og gerum er að dreifa gleði og góðri stemmningu. Alla tíð hefur félagsleg sjálfbærni og samfélagsleg verkefni verið okkur hugleikinn og núna ætlum við að bæta á okkur vöðvunum og tækla umhverfisáhrifin á enn markvissari hátt. Það snýst nefnilega ekki bara um að henda í rétt rusl heldur frekar að hafa rétta hugarfarið og að ferlanir séu til staðar, allstaðar í fyrirtækinu.

Skemmtana- & forstjóri Nova er ábyrg fyrir sjálfbærnimálum. Hún tryggir að stjórn sé upplýst a.m.k. tvisvar á ári um hvernig okkur miðar í umhverfis- og félagslegu verkefnum okkar, í samræmi við ársáætlun stjórnar. Ekki er veitt sérstök umbun fyrir skemmtana- & forstjóra eða stjórnendur fyrir árangur á sviði sjálfbærni heldur trúum við því að árangur í sjálfbærnimálum skili sér í heildarárangri Nova.



Sjálfbærni- og umhverfisstefna

Rétt eins og ofurhetjurnar, viljum við hjá Nova nýta krafta okkar til góðs, og fylgjast grannt með því hvernig okkur miðar áfram. Þar sem sjálfbærni- og umhverfisstefnan okkar snúa að miklu leyti að félagslegum mállefnum, eru sum þeirra í eðli sínu erfið að mæla. Við gefumst þó ekki upp, og ætlum að setja mælistiku á eins mikið og við getum, bæði umhverfis- og félagsleg mál.


Við lítum til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og viljum með starfsemi okkar og stanslausu stuði styðja á markvissan hátt að aukinni:

- Heilsu og vellíðan
- Jafnrétti kynjanna
- Nýsköpun og uppbyggingu

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



Sjálfbærni- og umhverfisstefna

Gamla, góða keppniskapið okkar drífur okkur svo áfram í frekari bætingar, og á komandi misserum ætlum við að:

- Leggjast yfir mælingar seinustu þriggja ára og þaðan ráðast í markmiðasetningu til að geta metið framgöngu mála.
- Upplýsa stjórn tvisvar á ári um hvernig okkur miðar í sjálfbærnimálum og vegferðinni í að ná markmiðum okkar.
- Innleiða sjálfbærni sem þátt í áætlanagerð hvers framkvæmdarstjóra, þannig að ákvarðanir taki ávallt mið af samfélagslegum áhrifum.
- Skoða hvernig við nálgumst kolefnisjöfnun fyrir ferðalög þó þau séu fá og yfirleitt stutt.
- Ýta enn meira undir endurvinnslu á gömlum raftækjum með því að innleiða hvata fyrir Endurgræddu í sölu & þjónustu.



Sjálfbærni- og umhverfisstefna

Við viljum leggja ríkari áherslu á Endurgæddu og endurvinnslu raftækja. Þannig viljum við hvetja til og umbuna Nova liðinu í sölu & þjónustu fyrir árangur á því sviði og þannig ýta undir að viðskiptavinir okkar skili inn gömlum og/eða ónýtum raftækjum.

Við erum spennt fyrir öllum áskorunum enda er ekkert betra en endalausar bætingar. Þannig vex og dafnar stærsti skemmtistaður í heimi og það viljum við hjá Nova gera, bæði persónulega, lið og fyrirtækið í heild.

Komdu með okkur á dansgólfið!



Lestu meira um sjálfbærni- og umhverfisstefnu Nova hér 

INOVA



Umhverfið

STÆNG
SKEMMI
STADUR
HEIM

Umhverfismál



Í okkar augum er það sjálfsagður hlutur að umhverfinu sé sýnd virðing og að starfsemi Nova hafi sem minnst möguleg áhrif á umhverfið. Það er í DNA-inu okkar að vera bæði góð og glöð við allt og alla — sérstaklega jörðina.

Umhverfisspor Nova er ekki þungt, við erum lítil að innan og stór að utan en í Nova liðinu eru 160 dansarar. Staersti hluti starfsfólks er með aðstöðu í Nova Lágmúla auk þess sem við erum með fjórar verlanir. Nova kaupir rafmagn af Orkusölnunni en þau eru eina orkufyrirtækið sem er kolefnishlutlaust.

Helst myndum við vilja að starfsemin okkar hefði engin umhverfisáhrif, og þess vegna kappkostum við að líta í öll möguleg horn og ganga úr skugga um að Nova sýni umhverfinu og nátturunni alla umhyggjuna. Við ferðumst afar lítið, eigum fá farartæki, þössum upp á að flokka og bruðlum aldrei með pappír og aðra einnota hluti.



Hringrásarhagkerfið

IN

Hjá Nova reynum við effir fremsta megni að halda efnislegum hlutum inni í virðiskeeðjunni. Það þarf ekki alltaf að vera flókið að loka hringnum.

Þegar við uppfærum húsgögn og raftæki býðst starfsfólki að kaupa vörurnar á kostakjörum. Sömuleiðis getur starfsfólk tekið afganga úr hádegismat með sér heim í nesti, sem bæði kemur í veg fyrir sóun og sparar þeim krónurnar.

Loks eru það vörurnar okkar en þar bjóðum við upp á Endurgræddu sem er endurvinnsluhvati sem býðst viðskiptavinum okkar og kemur í veg fyrir að gömul raftæki endi á röngum stað í náttúrunni þar sem málmar þeirra geta valdið mikilli mengun.



Endurgræddu



Margir sitja uppi með gömul og rykfallin raftæki heima. Einhverjir freistast jafnvel til að henda þeim í almennt rusl en það getur haft í för með sér afar neikvæð umhverfisáhrif þar sem í raftækjum má finna málma sem eiga ekkert erindi út í náttúruna. Við viljum sporna við þessari þróun með Endurgræddu, og hvetja þannig viðskiptavinir okkar til að taka ákvarðanir sem vernda okkar allra bestu móðir Jörð.

Með Endurgræddu geta viðskiptavinir Nova skilað inn gömlum raftækjum og fengið inneign í staðinn upp í nýja vöru. Þjónustuaðili Nova, Foxway, sér svo um að tækjum sem hægt er að gera við eða breyta í varahluti sé komið í réttar hendur en restin er endurunnin á umhverfisvænan hátt.



Lestu meira um Endurgræddu hér  

Fjarskipti



NYTSAMLEGAR NÝJUNGAR

Með útfösun á eldri farsímataækninni, 2G og 3G, ryðst inn á sviðið ný tækni sem er almennt sparneytnari á orku. 4G og 5G tæknin aðlagast að þörf notandans og nýtir orkuna þegar á þarf að halda, en sparar hana þess á milli. Við getum því fíktað í tökkunum og stillt búnaðinn þannig að hann noti minna rafmagn þegar lítið álag er, til dæmis á nóttunni.

Takkafiktið hefur svo sannarlega borgað sig, því við höfum séð allt að 15% orkusparnað á sólarhring.

SAMNÝTING Í STAÐ SÓUNAR

Með Sendafélaginu, í samstarfi fjarskiptafélaga og við Neyðarlínuna hefur Nova tekist að minnka sóun, með aukinni samnýtingu og sameiginlegri uppbyggingu innviða. Þannig er búnaður samnýttur á svæðum þar sem orka er af skornum skammti, og einn búnaður dugur fyrir alla aðila. Svo sniðugt!



Lestu meira um Fjarskiptakerfi Nova hér 

Nova liðið

Þetta byrjar allt með breyttum venjum og hugarfari, og við viljum hjálpa öllum dönsurum Nova að minnka sitt eigið fótspor með því að gera eitthvað skemmtilegt og spennandi úr því.

Við breytum gjarnan áskorunum í keppni til að ýta undir stemninguna og þáttöku. Ef það er verðlaunapeningur í boði þá eru okkar dansarar alltaf mættir galvaskir til leiks.

Árið 2023 tókum við gullið í okkar stærðarflokki í Hjólað í vinnuna og fengum einnig viðurkenningu í Lífshlaupinu.

Á árinu settum við upp rafhleðslustöðvar á bílastæðum starfsfólks til að styðja við vistvænni ferðamáta okkar fólks í Nova liðinu sem mörg hafa skipt yfir í rafbíla. Þar að auki hefur starfsfólk Nova möguleika á að fá samgöngustyrk til að nýta sér almenningssamgöngur til og frá vinnu.

FRÆÐSLA UM UMHVERFISÁHRIF

Í tengslum við reglulegar áskoranir og uppákomur sem þessar, fylgir ávallt fræðsla fyrir dansarana hjá Nova um mikilvægi þess að huga að umhverfinu í öllu sem við gerum, í leik og starfi. Í kringum fræðsluna búum við svo til skemmtilegar leiðir til að breyta hugarfari og neysluvenjum með tombólum, fataskiptidögum og svo framvegis.



INOVA



Samfélagið

STÆR
SKEMMI
STAÐUR
HEIM

Samfélag í takt við tímann

IN

Það er okkur hjartans mál að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í kringum okkur. Við viljum að lífsgleðin okkar smiti út frá sér til allra og nýtum markaðsstarfið okkar til að breiða út jákvæðan boðskap og auka léttleikann í tilverunni.

Þannig eigum við í virku samtali við samtímann og tökum virkan þátt í að búa til betra samfélag fyrir okkur öll.

Við elskum að styðja við allskonar málefni sem tengjast þó ekki beint okkar kjarnastarfsemi en sem við sjáum að geti stuðlað að meiri gleði og kærleik í samfélaginu.

Það sem við erum hvað stoltust af er Geðræktin okkar, enda höfum við einsett okkur að bæði hversdagsvæða geðheilsu, en líka vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem eru óbeinn fylgifiskur starfsemi okkar, eins og óhófleg símanotkun og óheilbrigðar staðalímyndir á netinu.



Elskum öll



NOVA Geðrækt

Samfélagslegt fótspor Nova er fyrst og fremst vegna ofnotkunar og óábyrgrar notkunar á snjallsímum og samfélagsmiðlum. Geðræktarvegferð Nova er margþætt langtímaverkefni. Á árinu fór um við út með herferðina Elskum öll, en þar beindum við ljósinu að fordómum og skaðlegri umræðu sem á sér allar en ekki stað á netinu.

FRÆÐSLAN

Fordómar eru ekkert nema fáfræði. Við réðumst því í fræðsluseríu þar sem ólíkir einstaklingar, sem annað hvort hafa þurft að mæta fordómum í samfélaginu eða eru sérfræðingar í sínu fagi, gáfu áhorfendum innsýn inn í sinn reynsluheim.

Við veltum upp áhugaverðum spurningum um hvort Íslenskan væri fordómafull, hvernig samfélagið tekur á móti fólki sem er bundið við hjólastól, hvernig við notum nýjustu persónufornöfnin og þar fram eftir götunum.



Fræddu þig meira um fræðsluna hér 


Ást út um allt

IN

NOVA Geðrækt

Það er mikilvægt að gefa ástinni pláss og að elska upphátt. Við bjuggum til vef þar sem fólk gat skrifað niður nafnið sitt og nafnið á þeim sem þau elska og nöfnin birtum við á auglýsingaskjám út um alla Reykjavík. Í nokkrar vikur var Reykjavík full af fjölbreyttum ástarjátningum.

Í sumar buðum við líka upp á bolaprentun þar sem fólki bauðst að sérprenta á boli. Við hvöttum fólk til að hugsa um hvað þau ætluðu að elska í sumar og við smelltum því á bol. Frábært tækifæri til þess að leyfa ástinni og lífsgleðinni að skína!



NOVA

Elšnum Öll

Sama hver við erum, hvaðan við komum, hvernig við lifum út eða hvað við heitum.
Öll viljum við það sama - að elska og vera elskuð.
Skrifaðu nafnið á þeim sem þú elskar ásamt þínu eigin.
Þá sýnir þú ástina á skiltum um alla borgina!

Settu inn nafn & Settu inn nafn

Áfram

2.186 pör tjáðu ást sína á vefnum 

FyrirÞig

IN

NOVA Geðrækt

Fríðindaklúbburinn FyrirÞig er partur af geðræktarvegferðinni og leið fyrir okkur til að tengjast viðskiptavinum okkar. Við höfum lagt upp úr að bjóða þar 2-fyrir-1 tilboð sem stuðla að ánægju, vellíðan og samveru.

Að gefa sér tíma til að vera með vinum, fjölskyldu eða kæró skiptir nefnilega miklu máli fyrir hversdagslegu geðræktina. Svo skemmir það ekki fyrir ef manni tekst að prófa eitthvað nýtt og fara út fyrir þægindarammann án þess að kostnaðurinn setji strik í reikninginn.

Við kappkostum við að bjóða upp á fjölbreytt tilboð bæði á veitingastöðum og spennandi afþreyingu eins og köfunarnámskeiðum, jóga, spa, listasýningum og allt þar á milli!



Götubolti & Stuðsvellið

IN

NOVA Geðrækt

Við elskum að búa til aðstæður og ástæður til góðrar samveru, helst úti í ferska loftinu sem bætir, hressir og kætir. Ekki skemmir ef síminn fær smá pásu í leiðinni og leikgleðin fær að brjótast fram í staðinn.

Síðasta sumar settum við upp Götuboltavöll á miðbakka þar sem fólk gat hópast saman og gefið leikgleðinni útrás. Á vellinum gat fólk nælt sér í körfubolta, spilað sinn uppáhalds lagalista í hátalara og sett keppnis-skapið á hæsta styrk. Skemmtileg staðreynd: engum boltum var stolið og alls 5.000 körfur voru skoraðar. 3 stig fyrir það.

Yfir sumarið héldum við líka fjöldann allan af viðburðum eins og Götuboltamót, Íslandsmót í Spikeball, Götuboltamaráðon á menningarnótt og Karaoke á Gleðigöngunni þar sem við fögnuðum fjölbreytileikanum.

Við skelltum svo upp árlega Stuðsvellinu á Ingólfstorgi þar sem yfir 10.000 gestir komu til að taka pásu frá jólaösinni og skauta burt jólastressið.



Loggát á sunnudögum

NOVA ♡ Geðrækt

Sunnudagur er hvíldardagur, meira að segja fyrir stuðpinna eins og okkur. Þess vegna eru verlanir Nova lokaðar á sunnudögum, fyrir utan fyrsta sunnudaginn í mánuði.

Dansararnir í Nova nýta sunnudagana til að njóta lífsins, fara út að leika með vinum og fjölskyldu, hlaða batteríin og setja vinnuhausinn í kærkomna pásu.

Svokallað **LOGGÁT**.



Startup SuperNova

NOVA ❤️ Nýsköpun

Frá upphafi hefur nýsköpun verið partur af okkar DNA. Nova er áskorandi, við viljum skora á markaðinn og hefðirnar. Þess vegna er það okkur svo mikilvægt að styðja við grasrótina og taka þátt í að koma fleiri nýjum hugmyndum á flug inn í framtíðina.

Í sumar fór viðskiptahraðallinn Startup SuperNova fram í fjórða skiptið, en hraðallinn er sá stærsti sinnar tegundar hér á landi og er samstarfsverkefni Nova og KLAK – Icelandic startups, þar sem leitast er við að byggja upp viðskiptalausnir ætlaðar alþjóðamarkaði.

Frá upphafi höfum við fengið yfir hundrað umsóknir um þátttöku frá metnaðarfullum fyrirtækjum.

40 fyrirtæki hafa farið í gegnum hraðalinn og hafa mörg þessara fyrirtækja farið á flug eftir hraðalinn, fengið fjármögnun og eru komin langt með sínar hugmyndir, þar á meðal Snjallgögn og Stubbur.

Við höldum einnig Klúðurkvöld, en þar komu reyndir frumkvöðlar í heimsókn og sögðu frá hugmyndum sem fóru ekki á flug. Nýsköpun snýst líka um að læra að klúðra og halda svo ótrauð áfram.



Meiri upplýsingar um Startup Supernova má finna hér 🙌🙌

Stuðningur við land og þjóð

NOVA  Innviðir

SKJÓT VIÐBRÖÐ Á REYKJANESI

Í kjölfarið á jarðhræringum og eldgosum á Reykjanesi, réðumst við í breytingar og tilfærslur til að bæta varaafli, afkastagetu og varaleiðir á svæðinu. Við unnum með viðbragsaðilum til að tryggja að það væri fjarskiptasamband fyrir starfsemi þeirra, m.a. fyrir effirlitsdróna, myndavélar og netsamband. Einnig fórum við í samstarf með öðrum fjarskiptafélögum til að tryggja fjarskiptasambönd á öllu svæðinu í kring.

SAMSKIPTI Á HAMFARATÍMUM

Við höfum brugðist við hamförum innanlands og erlendis með því að fella niður gjöld eða bjóða sérstakan pakka þar sem hægt er að hringja 100 mín og senda 100 SMS frítt. Þetta hefur gilt fyrir ýmis útsett svæði.

Fyrir alla sem voru með skráða búsetu í Grindavík felldum við niður allan kostnað vegna fjarskipta í nóvember og desember og þar að auki fengu allir viðskiptavinir Nova í Grindavík með farsímanúmer, ótakmarkað net frítt, óháð því hvaða netpakka þau höfðu verið með áður.



Geðræktarvegferð Nova

Árið 2020 hófum við vegferð í átt að andlegri vellíðan undir nafninu Geðrækt.

2020

VERTU Á STAÐNUM!

Herferð sem vísar til þess að leggja frá sér símann og njóta augnabliksins í raunheimum.



2021

ALLIR ÚR!

Herferðin „Allir Úr“ hvatti fólk til að skilja símann eftir heima ásamt því að við töluðum um jákvæða líkamsmynd og skaðlegar staðalímyndir sem birtast okkur á netinu.



2022

ÞÚ FYRIR ÞIG!

„Þú fyrir þig“ þar sem áherslan var lögð á sjálfsást og mikilvægi þess að elska sjálfan sig eins og maður er. Sjálfsvirðing er nefnilega ekki sjálfsögð.



2023

ELSKUM ÖLL!

Herferðin „Elskum öll“ snerist um að elska öll án fordóma og haturs. Hversu ólík sem við erum þá eigum við öll skilið að elska og vera elskuð skilyrðislaust. **Elskum öll hvert annað.**



STÆNG
SKEMMI
STAÐUR
HEIM

Góðir stjórnarhættir

Stjórnarhættir



Stjórn Nova fylgir góðum stjórnarháttum, með það markmið að styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan félagsins til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins.

Þannig stefnir stjórn félagsins ætíð að því að fylgja þeim kröfum sem fram koma í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar hverju sinni, auk ákvæða laga sem um starfsemi félagsins gilda.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráð Íslands, Samtökum Atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. eru sérstaklega hafðar til hliðsjónar að því er varðar góða stjórnarhætti.

Hér er hægt að nálgast stjórnarháttayfirlýsingu Nova.

Nova hefur sett sér samskipta- & upplýsingastefnu með það að markmiði að tryggja góð samskipti við helstu hagsmunaaðila félagsins, þ.m.t. viðskiptavini, starfsfólk, markaðsaðila, fjárfesta og fjölmiðla, auk þess að auka sýnileika fyrirtækisins.



Hægt er að nálgast samskipta- og upplýsingastefnu félagsins hér 

Besti vinnustaður í heimi



NOVA PÚLSINN & FYRIRTÆKI ÁRSINS

Ánægja dansaranna okkar spilar lykilhlutverk í velgengi Nova því þegar við erum glöð þá gengur vel. Við gerum reglulegar kannanir til að athuga púlsinn og vinnum svo jafnt og þétt í að innleiða breytingar og umbætur, enda er alltaf hægt að bæta á sig blómum og verða betri.

Í ár fengum við einnig viðurkenninguna Fyrirtæki ársins í stærstu vinnustaðarannsókn á Íslandi, en það er bara enn ein staðfesting á því að dansarar Nova njóta sín í vinnunni.

HRÓSARINN

Hjá Nova leggjum við mikið upp úr því að hrósa hvoru öðru. Sett var upp heimasíða sem kallast Hrósarinn þar sem dansarar Nova geta sent hvoru öðru nafnlaus hrós og þannig hvatt hvort annað til dáða. Á árinu 2023 voru send yfir 3.000 hrós innan veggja Nova.

Þvílíkt pepp!



Besti vinnustaður í heimi

HRESSLEIKINN

Hjá Nova starfar mikið af ungu fólki, og sum hver í sinni fyrstu vinnu. Eðlilega fljúga svo sumir úr hreiðrinu sem skýrir starfmannaveltuna okkar. Okkar mikilvægi mælikvarði er hinsvegar veikindahlutfalli sem á árinu var 4% en með því að fylgjast með því viljum við markvisst hlúa að Nova liðinu þannig að við séum með fríska og glaða dansara!

NOVA SKÓLINN

Nýjir dansarar hjá Nova sækja Nova skólann, 2ja vikna þjálfun, sem kemur þeim á skrið og sýnir hvernig við vinnum svo allir geti dansað í takt. Fræðslan endar ekki þar, því Nova býður upp á áhugaverða og spennandi lotukennslu yfir árið fyrir alla dansara Nova en fræðslan byggist á hæfnipáttum sem útgefnir eru af Alþjóðlegu efnahagsstofnuninni (e. WEO). Við leggjum mikið upp úr því að bjóða upp á metnaðarfulla fræðslu og fyrirlestra sem styrkir og hjálpar okkur öllum að vera með puttann á púlsinum, hvort sem að það sé í nýsköpun, geðrækt, samskiptum og tækni.

REYNSLA = EININGAR

Starfsfólki í sölu og þjónustu, sem ekki hefur lokið stúdentsprófi og vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, býðst að skrá sig í fagnám verzlunar og þjónustu í Verzlunarskóla Íslands og fá þannig reynslu sína metna í einingum.

Framkvæmt er raunfærni mat, og hægt er að nýta einingar úr fagnáminu upp í stúdentspróf. Þannig geta starfsmenn fengið reynslu sína metna að verðleikum og samtímis sótt nýjan fróðleik um verzlun og þjónustu.



Besti vinnustaður í heimi



JAFNRÉTTI & FJÖLBREYTTLEIKI

Það eru allir velkomnir hjá Nova, og sérhver dansari fær stuðning til að þróa færni sína og hæfileika að fullu, óháð kyni, þjóðerni, kynhneigð eða trú.

Á þessum stærsta skemmtistað í heimi vinnur fjölbreyttur hópur fólks sem kemur fram við hvort annað af virðingu. Nova elskar fólk og leggur mikið upp úr því að fagna fjölbreytileikanum. Mállefnið er okkur hugleikið, hvort sem horft er út eða inn á við og það skiptir okkur miklu máli að skilaboðin okkar út á við endurspegli það sem við gerum innanhúss.

Þar eru til dæmis engin kynjamerkt klósett, en svona „litlir hlutir“ geta skipt sköpum fyrir ákveðna hópa og við viljum gera okkar besta til að láta öllum líða vel hjá okkur. Við leitum líka stöðugt nýrra leiða til að fræðast meira um fjölbreytileikann, m.a. með fyrirlestrum og öðrum uppákomum.

JAFNLAUNAVOTTUN

Við erum stolt af því að vera jafnlaunavottaður vinnustaður, enda er ekkert pláss hjá Nova fyrir fordóma, kerfisbundið óréttlæti eða skipulagslega hlutdrægni.



Besti vinnustaður í heimi



FRÆÐSLA UM MISMUNUN

Við höfum í gegnum tíðina gripið málefni líðandi stundar og fengið fræðslu tengda þeim fyrir alla dansara Nova. Árið 2023 fengum við fræðslu í tveimur málefnum tengdum mismunun — en árið 2024 ætlum við að gera þetta með markvissari hætti og hafa fyrirlestra/fræðslu ársfjórðungslega. Það sem við gerðum árið 2023:

EITRUÐ KARLMENNSKA – ÞORSTEINN HJÁ KARLMENNSKUNNI

Í september fengum við fyrirlestur um eitruða karlmennsku á vegum Þorsteins V. Einarssonar kynjafræðings. Fyrirlesturinn fengum við til að lyfta upp og fræða starfsfólk um átakið Gulan september sem ætlað er til að vekja athygli á sjálfsvígstíðni karlmannna.

ÞRIÐJA VAKTIN – HULDA TÖLGYES

Á Kvennafrídaginn fengum við fræðslu um þriðju vaktina frá Huldu Tölgýes, en jafnrétti er okkur alltaf ofarlega í huga og við teljum mikilvægt að leggja okkar af mörkum til að ýta undir jafnrétti kynjanna. Í fyrirlestrinum er fjallað um þá hugrænu byrði sem mörg bera innan heimila, en heimilishald og uppeldi felur í sér ólaunaða og vanmetna vinnu sem við vildum varpa ljósi á.



Ábyrg markaðsmál



Nova er fyrirferðamikil í markaðsstarfi sínu og við vitum að í því felst ákveðin ábyrgð. Við leggjum áherslu á að markaðsefnið okkar rími við samtímann, samfélagið og ríkjandi strauma og feli alltaf í sér jákvæðan tón og sýn.

Geðræktin er kjarninn í herferðunum okkar og markaðsefnið á því ávallt að endurspegla þann anda og lífsgleði.

Það þýðir að í mynd- og effirvinnslu breytum við aldrei útliti fólks. Sömuleiðis leggjum við ríka áherslu á að sýna allskonar fólk í okkar markaðsefni, sem kemur í öllum stærðum og gerðum. Fjölbreytileiki í markaðsefni skiptir nefnilega sköpum og hjálpar okkur við að berjast við óheilbrigðar staðalímyndir á samfélagsmiðlum.



Öryggismál



Upplýsinga- og netöryggi er okkur hjá Nova afar mikilvægt.

Áherslur Nova í öryggismálum markast af því að uppfylla lög um netöryggi og fjarskipti. Það felur m.a. í sér að vernda fjarskiptapjónustu og gögn viðskiptavina, auk hugbúnaðar og vélbúnaðar í rekstri Nova.

Unnið er að því að styrkja enn frekar öryggisstjórnkerfi Nova sem liður í undirbúningi fyrir ISO 27001 vottun. Með því að hljóta vottunina, sem er grunnforsenda í Evrópusambandslöggjöf um netöryggi (NIS-2), verður vinnulag formfest enn frekar, auk þess sem öryggisráðstafanir og virkni öryggisstjórnkerfis Nova verður eftt til muna.

Hjá Nova starfa fjögur sértæk öryggisteymi sem leidd eru af öryggisstjóra. Syndis sinnir 24/7 öryggisvöktun fyrir Nova, auk þess sem félagið nýtur stuðnings annarra ytri aðila eins og CERT-IS.



Öryggisstefnu Nova má finna hér og heilsu- og öryggisstefnu félagsins hér 🤝

Við viljum gera enn betur



Okkur finnst við hjá Nova vera algjörir æðibitar en við erum ekki fullkomin. Gagnsæi spilar lykilhlutverk í því að úrbætur skili sér og hafi raunveruleg áhrif, ekki síst á sjálfbærnivegferðinni.

Við tókum því glöð við hrósum, ábendingum og kvörtunum frá bæði viðskiptavinum og starfsfólki. Við höfum sett upp form fyrir ábendingar á heimasíðunni okkar, og jafnframt tryggt að uppljóstrarar geti notið nafnleyndar kjósi þeir það.



Lestu meira og sendu okkur ábendingu hér  

Skjalasafnið

Á heimasíðu Nova má finna svæði þar sem nálgast má öll fylgiskjöl þessarar skýrslu.

Þar má einnig finna annað gagnlegt efni og skjöl svo sem siðareglur Nova, öryggis- og heilustefnu félagsins, stefnu um framlög til stjórnmalaflokka, stefnu gegn þeningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, áhættumat innviða og jafnréttis-mannauðs-og mannréttindastefnu.

Síðuna má finna hér.

STÆR
SKEMMI
STAÐUR
HEIM

UFS yfirlitstafla

Félagslegir þættir

FLOKKUR

SPURNINGAR

2022

2023

Launahlutfall forstjóra	Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	2,70	2,57
	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Nei	Nei
Launamunur kynjanna	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,01	1,01
Starfsmannavelta	Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	29.40%	36%
	Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum	2%*	2%*
Kynjafjölbreytni	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum	39%kvk/61%kk	40,45%kvk/59,55%kk
	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum	51,5%kvk/48,5%kk	40,23%kvk/59,77%kk
	Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsamannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum	50%kvk/50%kk	50%kvk/50%kk
Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	8%	5%
Aðgerðir gegn mismunun	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já	Já
Vinnuslysafíðni	Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafsisins í prósentum	0%	0%
Hnattræn heilsa og öryggi	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Nei	Já
Barna- og nauðungarvinna	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Nei	Já
	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	N/A	Nei
Mannréttindi	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Nei	Já
	Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	N/A	Nei
Veikindahlutfall	Meðaltal hlutfalls veikindadaga af heildar vinnudögum í hverjum mánuði	4,0%	4,0%

*Upplýsingar leiðréttar frá fyrri skýrslu.

Stjórnarhættir

FLOKKUR

SPURNINGAR

2022

2023

FLOKKUR	SPURNINGAR	2022	2023
Kynjahlutfall í stjórn	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	40%	40%
	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	33%	67%
Óhæði stjórnar	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku	Já	Já
	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	20%	60%
Kaupauki	Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni	Nei	Nei
Kjarasamningar	Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	100%*	100%
Siðareglur birgja	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Nei	Nei
	Ef já, hversu hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglum, í prósentum?	N/A	N/A
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Nei	Já
	Ef já, hversu hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	N/A	
Persónuvernd	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já	Já
	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já	Já
Sjálfbærnisrásla	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráslu?	Já	Já
	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Nei	Nei
Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Nei	Nei
	Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?	Já	Já
	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	Já	Já
Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Nei	Já

*Upplýsingar leiðréttar frá fyrri skýrslu.

INOVA
Sjálfbærniskýrsla
2023

Útgáfa 27. febrúar 2024.

STÆR
SKEMMI
STAÐUR
HEIM